

REGLUR

um ráðstöfun 1.400 milljóna króna aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2008.

1. gr.

Gildissvið.

Markmið þessara reglna er að úthluta sérstöku aukaframlagi til sveitarfélaga til að jafna aðstöðumun vegna þróunar í rekstrarumhverfi þeirra og erfiðra ytri aðstæðna. Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessum reglum ef heimild sveitarfélags til útsvars-álagningar fyrir tekjuárið 2008 er fullnýtt af sveitarstjórn. Við útreikning og úthlutun framlagsins er miðað við skipan sveitarfélaga eins og hún var í árslok 2007.

2. gr.

Framlag vegna íbúafækkunar.

Varið skal 400 m.kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði árin 2003-2007.

Við útreikning framlags samkvæmt þessari grein skal byggt á upplýsingum frá Þjóðskrá um endanlegan íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2002 og bráðabirgðatölum um íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2007. Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef hlutfallsleg fækkun íbúa hefur verið umfram 1,5% á tímabilinu. Þó skal aðeins greiða framlag til sveitarfélaga þar sem fækkun íbúa er umfram níu á tímabilinu.

Framlagið skiptist hlutfallslega samkvæmt stuðli sem reiknaður er fyrir hvert sveitarfélag sem fellur undir skilyrði 1. og 2. mgr. Stuðulinn skal reikna þannig að í fækkun íbúa viðkomandi sveitarfélags er deilt heildarfækkun íbúa allra sveitarfélaga sem falla undir framangreind skilyrði.

Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt eigi síðar en 15. júní 2008.

3. gr.

Framlag vegna þróunar útsvarsstofns.

Varið skal 400 m.kr. til sveitarfélaga þar sem hlutfallsleg þróun útsvarsstofns milli árana 2002 og 2007 er lægri en heildarhækkun útsvarsstofns allra sveitarfélaga fyrir sama tímabil.

Við útreikning framlags samkvæmt þessari grein skal byggt á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um endanlegan álagningarstofn útsvars vegna tekna árin 2002-2007 og upplýsingum frá Þjóðskrá um endanlegan íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2002 og bráðabirgðatölum um íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2007. Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef íbúaþróun sveitarfélags hefur verið lakari en hjá Reykjavíkurborg á sama tímabili.

Framlagið skiptist hlutfallslega samkvæmt stuðli sem reiknaður er fyrir hvert sveitarfélag sem fellur undir skilyrði 1. og 2. mgr. Stuðulinn skal reikna þannig að íbúafjöldi sveitarfélags er margfaldaður með mismun á heildarhækkun útsvarsstofns allra sveitarfélaga og hlutfallslegri hækkun útsvarsstofns hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í tvennu lagi. Greiddar skulu 200 m.kr. í september 2008 á grundvelli áætlaðs álagningarstofns vegna tekna ársins 2007. Greiða skal 200 m.kr. í desember 2008 þegar álagningarstofn með áorðnum breytingum í desember 2008 vegna tekna ársins 2007 liggur fyrir og endurskoðun á úthlutun framlagsins hefur farið fram.

4. gr.

Framlag vegna íbúabróunar.

Varið skal 350 m.kr. til sveitarfélaga sem ekki hafa fylgt þróun Reykjavíkurborgar hvað íbúafjölda varðar árin 2003-2007.

Við útreikning framlags samkvæmt þessari grein skal byggt á upplýsingum frá Þjóðskrá um endanlegan íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2002 og bráðabirgðatölum um íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2007. Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef sveitarfélag hefur ekki fylgt íbúabróun Reykjavíkurborgar á sama tímabili og hlutfallsleg þróun útsvarstofns í sveitarfélaginu milli árunna 2002 og 2007 hefur verið lægri en heildarhækkun útsvarstofns allra sveitarfélaga á tímabilinu.

Framlagið skiptist hlutfallslega samkvæmt stuðli sem reiknaður er fyrir hvert sveitarfélag sem fellur undir skilyrði 1. og 2. mgr. Stuðulinn skal reikna þannig að í íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags er deilt heildaríbúafjölda þeirra sveitarfélaga sem uppfylla skilyrði 2. mgr.

Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í tvennu lagi. Greiddar skulu 175 m.kr. í september 2008 að teknu tilliti til áætlaðs álagningarstofns vegna tekna ársins 2007. Greiddar skulu 175 m.kr. í desember 2008 þegar álagningarstofn með áorðnum breytingum í desember 2008 vegna tekna ársins 2007 liggur fyrir og endurskoðun á úthlutun framlagsins hefur farið fram.

5. gr.

Framlag til sameinaðra sveitarfélaga vegna þróunar útsvarstofns o.fl.

Varið skal 175 m.kr. til sveitarfélaga þar sem hlutfallsleg þróun útsvarstofns er með sama hætti og í 3. gr. og íbúabróun hefur verið með sama hætti og í 4. gr. Helmingur framlagsins skiptist hlutfallslega samkvæmt stuðli 3. mgr. 3. gr. og helmingur framlagsins hlutfallslega samkvæmt stuðli 3. mgr. 4. gr.

Auk þess skal varið 75 m.kr. til sveitarfélaga þar sem tekið er tillit til sérstakrar útgjaldaþarfar sveitarfélaga sem halda þurfa úti þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað innan sveitarfélagsins, sbr. c-lið 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

Við útreikning framlags samkvæmt þessari grein koma til greina sveitarfélög sem hafa sameinast frá og með árinu 1984.

Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í tvennu lagi. Greiddar skulu 125 m.kr. í september 2008 að teknu tilliti til áætlaðs álagningarstofns vegna tekna ársins 2007. Greiddar skulu 125 m.kr. í desember 2008 þegar álagningarstofn með áorðnum breytingum í desember 2008 vegna tekna ársins 2007 liggur fyrir og endurskoðun á úthlutun framlagsins hefur farið fram.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og fjárlaga 2008, liðar 10-801 í sundurliðun 2, og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 29. maí 2008.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.